



BIÐSVÆÐIN 2012, TORG Í BIÐSTÖÐU

KÁRATORG <http://www.facebook.com/endurskodendur>

Teymi: Endur-skoðendur borgarinnar.

Grunnhugmyndin er sótt í andrúmsloft Kaffismiðjunnar sem varpað er út á torgið. Heimilisleg stemning og frjálst viðmót er einkennandi fyrir staðinn sem er vel sóttur af íbúum hverfisins og öðrum. Strigapokar undan kaffibaunum eru notaðir sem sæti fyrir gesti og gangandi.

ÓÐINSTORG <http://www.facebook.com/Odinstorg>

Teymi: Krístrún Heiða og Sari Peltonen.

Óðinstorg er endurhugsað sem fjölskylduvænt, grænt og fjölnota svæði. Vegglistaverk af góðlátlegum skrímslum spila stórt hlutverk í nýja garðinum. Hlýleg sæti og íslenskur gróður bjóða borgarbúa velkomna í garðinn við torgið.

AUSTURBAKKI <http://www.facebook.com/RedCarpetAusturbakka>

Teymi: Red Carpet.

Verkefnið gengur út á að endurskilgreina tengingu líkt og rauðan dregil frá miðbænum, frá Pósthússtræti út að Hörpu og mynda þar nýtt almenningsrými. Röð af fánum skilgreina tenginguna ásamt grafískri nálgun í götu.

BÆJARINS BEZTA TORG <http://www.facebook.com/Rummeter>

Teymi: M3.

Meginhugmynd að breytingum á svæðinu er að tengja saman þætti í nánasta umhverfi torgsins með litanotkun. Helsta áherslan er á sjálft torgið og tengsl þess við Kolaportið og mósaíklustaverk Gerðar Helgadóttur. Mikil umferð gangandi fólks á þessu svæði kallar á óformlega afmörkun á milli fólks og bíla. Setusvæði eru afmörkuð í tengslum við matsölastaðinn Bæjarins beztu og veitingastaðinn Hornið við Hafnarstræti.

HLEMMUR <http://www.facebook.com/baejarhlid>

Teymi: Bæjarhliðið Hlemmur.

Grunnhugmyndin er að reisa bæjarhlið miðbæjarins við Hlemmtorg. Mikilvægt er að auka táknrænt gildi torgsins í hugum fólks sem móttökustöð miðbæjarins úr austurátt og skapa þannig mótvægi við vesturhluta hans. Setusvæði með íslenskum lággróðri er komið fyrir svo farþegar geti tyllt sér á meðan þeir bíða eftir strætó.

LAUGAVEGUR OG SKÓLAVÖRÐUSTÍGUR <http://www.facebook.com/Sumargotur>

Teymi: María Markó.

Hugmyndin er að gera tímabundnar innsetningar sem vekja áhuga fólks á göngugötunni og hvetja fólk til að dvelja lengur á svæðinu ásamt því að fjarlægja huglægu skilin milli gangstéttar og götunnar sjálfar. Fánar, París, ljóð og litir einkenna götuna. Ljósmyndakeppni um bestu mannlífsmyndirnar er í fullum gangi en QR kóðar gera vegfarendum kleift að senda myndir beint inn á facebook síðu verkefnisins.

FÓGETAGARÐUR <http://www.facebook.com/HiminnHaf>

Teymi: Himinn & Haf.

Hugmyndin er að auka notkun Fógetagarðsins með því skapa sérstaka umgjörð utan um torgið sem kallar á athygli fólks sem á leið framhjá. Vefur er spunninn úr nælongirni á milli húsveggja og hárra trjáa í kringum torgið, líkt og að köngulóavefur hafi verið spunninn í horni á yfirgefnu húsi. Bólstruð, rauð seglhúsgögn prýða garðinn þar sem fólki er boðið að setjast niður, horfa til himins og slaka á.

ÁRBÆJARTORG <http://www.facebook.com/theturfnetwork>

Teymi: The Turf Network.

Matjurtagarðar á mörgum hæðum, setuaðstaða og gróður eru aðalatriði í innsetningu The Turf Network. Hópurinn hefur tekið yfir hluta af Árbæjartorgi og búið til stallað landslag á áður illa farinni grasflöt. Notast er við endurunnin efni og gróður. Krakkarnir á svæðinu hafa aðstoðað The Turf Network við smíðina með góðum árangri. Svæðið var valið út frá íbúakosningu betri hverfa.

SNEKKJUVOGUR <http://www.facebook.com/Barabumm>

Teymi: Barabúmm.

Verkefnið gengur út á að vinna með almenningssvæðin á horni Snekkjuvogs (fyrir utan Ólabúð) og leikvöllinn Rúnuróló við Snekkjuvog. Við róluvöllinn er skeifulaga grasbrekka með hellulögðu plani í miðju. Á planið var smíðað lítið svið og skeifan sjálf virkar sem áhorfendapallur í kring. Sunnudaginn 15. júlí var haldið sumarhátíð, eða einskonar karnival, á sviðinu á Rúnuróló. Hverfisbúar fjölmenntu á rólóinn til að vígja sviðið, Jón Jónsson spilaði, grillaðar voru pulsar og íbúar sungu í karóki. Markmiðið er að Rúnuróló verði meira nýttur af börnum og fullorðnum í hverfinu og að hann verði spennandi vettvangur fyrir fólk sem vill láta ljós sitt skína. Svæðið var valið út frá íbúakosningu betri hverfa.

GNOÐARVOGUR <http://www.facebook.com/pages/M%C3%93T-Gno%C3%B0arvogur/381964791853419>

Teymi: Mót.

Fjölnota sætisaðstaða er búin til sem áningarstaður við göngustíg á milli Gnoðarvogs og Suðurlandsbrautar. Svæðið var valið út frá íbúakosningu betri hverfa.

LAUGALÆKUR <http://facebook.com/bidsvaedi>

Teymi: Biðsvæðastjórar Reykjavíkur.

Búin eru til íverurými fyrir utan verslanir sem afmörkuð eru með gróðri. Markaður með íbúasamtökunum verður haldinn á menningarnótt. Svæðið var valið út frá íbúakosningu betri hverfa.

ARNARBAKKI <http://facebook.com/bidsvaedi>

Teymi: Biðsvæðastjórar Reykjavíkur.

Áætlað er að hafa tjarnarpartý við Arnarbakka en þar verður búin til grunn tjörn. Íbúum verður boðið að koma, boðið verður upp á tónlist og haldin grillveisla. (28. júlí.). Sett verður upp sýning um sögu Bakkahverfisins og verður henni dreift um svæðið. Núverandi og fyrrverandi íbúar deila sínum sögum og myndum úr hverfinu. Í tengslum við sýninguna verður söguganga með Ágústu Kristófersdóttir. (Um miðjan ágúst.)

ÁLFHEIMAR <http://facebook.com/bidsvaedi>

Teymi: Biðsvæðastjórar Reykjavíkur.

Myndlistar- og ljósmyndasýningar verða haldnar bæði inni og úti. Lífgað upp á svæðið með nýstárlegum gróðurkerjum. Grænmetisvagn mun selja vörur sínar á laugardögum frá 11-18.

MARKÚSARTORG VIÐ GERÐUBERG <http://facebook.com/bidsvaedi>

Teymi: Biðsvæðastjórar Reykjavíkur.

Búin verður til aðstaða til þess að halda útisýningar á torginu. Iðjuberg og Gylfaflöt halda sýningu og markað í lok júlí. Sýningaraðstaðan (stöplar og sæti) verður geymd á svæðinu og líklega haldnar fleiri sýningar með haustinu.

VERKEFNISSTJÓRAR

Auður Hreiðarsdóttir, s: 411 3005

audur.hreidarsdottir@reykjavik.is

Hans Heiðar Tryggvason, s: 411 8501

hans.heidar.tryggvason@reykjavik.is